

- 98 Fjármála- og viðskiptamálaráðherra Björn Ólafsson fer með öll þau mál, er
16. des. samkvæmt téðum konungsúrskurði heyra undir fjármálaráðherra, og auk þess
verzlunarmál, önnur en útflutningsverzlun.

Gjört í Reykjavík, 16. desember 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

99

L Ö G

19. des.

um breyting á lögum nr. 79 frá 1. sept. 1942, um dómnefnd í verðlagsmálum.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laga nr. 79/1942 orðist svo:

Ríkisstjórnin getur ákveðið með auglýsingu, að ekki megi frá útgáfudegi auglýsingar og þar til nánar verður ákveðið, þó ekki lengur en til loka febrúarmánaðar 1943, selja nokkra vöru í heildsölu eða smásölu, innlenda eða erlenda, við hærra verði en lægst var á henni á hverjum stað hinn 18. des. 1942. Sams konar bann við hækkun verðlags má og láta taka til farmgjalda og flutninga á landi, sjó og í lofti, viðgerða, smíða, saumaskapar, prentunar og annars slíks. Ef ágreiningur eða vafi verður um það, við hvaða verðlag skuli miða, sker dómnefnd úr.

Dómnefnd skal hafa eftirlit með öllu verðlagi, og hefur hún bæði af sjálfsdáðum og að fyrirlagi ráðuneytisins vald og skyldu til að ákveða hámarksverð á hvers konar vöru og verðmæti, sem í 1. málsg. segir, þar á meðal hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, sem máli skiptir um verðlag í landinu. Svo getur dómnefnd og úrskurðað um aðra kostnaðarliði, sem máli skipta um verðlagningu á vöru. Þá getur dómnefnd ákveðið greiðslu fyrir flutninga, viðgerðir, smíðar, saumaskap, prentun og því um líkt.

Ákvæði 1. og 2. málsg. taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum milli réttra aðila.

2. gr.

1. málslíður 3. málsg. 12. gr. laganna orðist svo:

Brof gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglugerð, er sett kynni að verða samkvæmt þeim, eða ákvæðum auglýsingar samkvæmt 1. mgr. 5. gr., varða sektum frá 100—100000 krónum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 19. desember 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.